

Frá: Hafdís Bára Kristmundsdóttir <noreply@mentor.is>
Sent: föstudagur, 13. janúar 2023 14:18
Til: Hafdís Bára Kristmundsdóttir <Hafdis@hofsstadaskoli.is>
Efni: Kveðja frá skólustjóra

Yfirlit póstsendingar úr Mentor.is

Póstur var sendur á eftirfarandi aðila:

Hópar: 1.Hof 1 / 1.Hof 3 / 2. ÁS / 2. JES / 2. SS / 3. AH / 3. BSv / 3. RJ / 3. SH / 4. BSt / 4. EMK / 4. IS / 4. ÓG / 5. AB / 5. GHS / 5. ÓP / 5. SGE / 6. AMH / 6. AS / 6. AP / 6. RBG / 7. HBS / 7. JBI / 7. StH / 7. ÖM

Viðtakandi: Aðstandendur

Texti:

Til að svara þessum pósti [Smelltu hér](#).
(Ef hlekkurinn opnast ekki skaltu senda svar á netfang sendanda: hafdis@hofsstadaskoli.is)

Sent á: Hofsstaðaskóli í Garðabæ, Aðstandendur

Kæru foreldrar í Hofsstaðaskóla.

Gleðilegt nýtt skólaár og takk fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Nú er annarri kennsluviku ársins að ljúka og heilmargt búið að gerast hér í skólanum. Fyrstu hóparnir eru fluttir í nýju kennslustofurnar hér fyrir utan og þeir næstu flytja eftir helgina. Nemendur og starfsfólk hefur sýnt fádæma þolinmæði og sveigjanleika í krefjandi aðstæðum og allir hafa lagst á eitt að leysa málin.

Ný efnissýni voru tekin víðs vegar um skólann í desember og mælitæki sem mæla loftgæði voru sett upp í síðustu viku. Við eigum von á niðurstöðum úr sýnatökum í lok janúar. Í kjölfarið verður haldinn kynningarfundur fyrir foreldra. Stjórn foreldrafélags Hofsstaðaskóla fundaði í vikunni með sviðsstjórum Garðabæjar og fulltrúum verkfræðistofunnar Mannvits. Á þeim fundi var farið yfir stöðu mála og foreldrum gafst kostur á að spyrja og fá svör.

Skólastarfið hefur farið vel af stað. Kennarar vinna að því að taka saman upplýsingar um námsframvindu og námslega stöðu nemenda og undirbúa um leið samtal við nemendur - og foreldra 31. janúar. Mikilvægt er að heima fyrir sé samtalið undirbúið með því að fara vel yfir upplýsingar í Mentor, námsmat og ástundun sem og ef það er eitthvað sem þarf að ræða um.

Nemendur í 6. bekk eru byrjaðir að undirbúa þorablót sem verður haldið 25. janúar. Löng hefð er fyrir þorablótinu og hefur það jafnan verið mjög vel heppnað. Danskensla er hafin í íþróttum, matarundirbúningur í heimilisfræði og nemendur eru að semja og æfa skemmtiatriði sem m.a. innihalda ýmsan fróðleik um þjóðhætti, siði og venjur tengdar þorranum. Boðskort til foreldra hefur verið sent.

Annar vinsæll viðburður í skólastarfinu, 100 daga hátíð í 1. bekk verður haldinn 27. janúar þegar nemendur hafa veið í grunnskóla í 100 daga.

Sem fyrr biðjum við foreldra um að aka varlega hér við skólann, aka allan hringinn í hringtorginu áður en þeir stoppa til að hleypa börnunum út. Tilvalið er að kyssa og knúsa heima svo stoppið sé styttra. Við ítrekum líka nauðsyn þess að virða umferðamerkingar og leggja ekki bílum ólöglega. Nemendur fara hér á milli skóla og íþróttahúss og út á leiksvæði og mikilvægt er að sú leið sé örugg.

Frístundabíllinn þarf einnig að eiga greiða leið að og frá skólanum.

Minum einnig á nauðsyn þess að merkja vel eigur barnanna svo hægt sé að koma því til skila sem gleymist.

Með samstarfskveðju og óskum um góða helgi

Hafdís Bára

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Hofsstaðaskóli í Garðabæ

sent úr Mentor.is